

ALYKTUN FRA ÞINGFLOKKI KVENNALISTANS / 13.8. 1991.

Kvennalistinn mótmælir harðlega þeirri ákvörðun iðnaðarráðherra að ganga til samninga um byggingu álvers á Keilisnesi. Miðað við heimsmarkaðsverð á áli nú yrði orkuverð til hins nýja álvers 10 mill, sem er aðeins um helmingur þess sem kostar að framleiða orkuna. Þar fyrir utan færa íslensk stjórnvöld erlendum eigendum hins nýja álvers land undir verkamiðjuna og eitt seytki höfn á silfurfatí.

Kvennalistinn hefur ávallt mótmælt byggingu álvers vegna umhverfisspjalla sem því fylgja en nú tekur steininn úr þegar þar á ofan er verið að binda komandi kynslóðum enn einn skuldabaggann.

f.h. þingflokks Kvennalistans,

---

Anna Ólafsdóttir Björnsson